

EFTIRLITSSKÝRSLA

Benchmark Genetics Iceland hf. Kollafjörður



Dags eftirlits	12.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6203911079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Andri Gunnarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Auður Eyberg Helgadóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Losun á fosfór var yfir mörkum. 2) Framleiðsla ársins var umfram heimild starfsleyfis. 3) Talsvert af villtum fugli sækir í útrás stöðvarinnar. Ein ábending var gerð, um að tryggja þarf að réttar upplýsingar komi fram í ársyfirliti. Eitt frávík var opið þegar eftirlitið fór fram, losun á fosfór var umfram mörk árið 2021.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Kollafirði. Viðstödd eftirlitið f.h. rekstraraðila voru Eiríkur Andri Gunnarsson, Auður Eyberg Helgadóttir, Julia Morozova og Árni Rafn Rúnarsson. Eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar var Freyr Ævarsson.

Benchmark, Kollafirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun þann 18. ágúst 2022. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á 20 tonnum af laxfiskum á ári og má hámarks lífmassi á hverjum tíma ekki fara yfir 20 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
5. Kynning á nýrri gjaldskrá UST
6. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
7. Önnur mál
8. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Samkvæmt úrbótaáætlun vegna frávíks í eftirliti 2022 sem barst eftirlitsaðila 18. janúar sl. og var samþykkt með bréfi dags. 26. janúar sl., er stefnt á að virkja hreinsibúnað á frárennsli frá einu eldishúsinu (T4) um 30. júní nk. Í eftirlitinu kom fram að sú áætlun mun ekki ganga eftir.

Ábending var gerð í eftirliti 2022 þess efnis að girðing umhverfis lóð rekstraraðila væri í slæmu ásigkomulagi. Lóðin verður girt af á næstu vikum.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi

Losun á fosfór árið 2022 var yfir mörkum starfsleyfis. Rekstraraðila er bent á að skoða vel útreikninga og tryggja að réttum niðurstöðum sé skilað til eftirlitsaðila.

Framleiðsla ársins 2022 var rúmlega 21,5 tonn en hún skal skv. starfsleyfi ekki vera meiri en 20 tonn á ári.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Engar breytingar voru gerðar á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

4. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun.

5. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

6. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

7. Önnur mál

Í umsókn rekstraraðila um starfsleyfið sem nú er í gildi kom fram að flytja ætti starfsemina sem er í Kollafirði annað. Ekkert bendir til að af því verði á næstu árum.

8. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Efnageymsla var skoðuð og öryggisblöð. Skoðaðir voru þeir staðir sem sýni eru tekin og rætt um breytingar á þeim. Taka skal sýni við afföll úr settjörnum og útrásum eldishúsa þar sem þær fara ekki beint í settjörn.

Talsvert af villtum fugli sótti í þá útrás stöðvarinnar sem er í skurði norðan við stöðina. Rekstraraðili skal hindra slíkan aðgang.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.4 í starfsleyfi	Losun fosfórs í viðtaka árið 2022 var yfir þeim mörkum sem sett eru í starfsleyfi.
gr. 1.2 í starfsleyfi	Framleiðsla árið 2022 var yfir leyfilegu hámarki skv. starfsleyfi.
gr. 3.8 í starfsleyfi	Talsvert af villtum fugli sækir í útrás stöðvarinnar.


ÁBENDINGAR

Rekstraraðili skal tryggja að réttar upplýsingar komi fram í ársyfirliti og að niðurstöður mælinga og útreikninga séu settar fram í þeim einingum sem tilgreint er í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.07.2023


Freyr Evarsson

